

Utan dagskrár um fundarsköp

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég held að vandamálið sem við stöndum frammi fyrir hér sé nokkuð skýrt. Við erum hér stödd í fullsetinni borgarstjórn þar sem að eru 15 fulltrúar. Meðal okkar eru stjórnarmenn í Orkuveitu Reykjavíkur og borgarráðsmenn sem hafa fengið upplýsingar um vaxtakjörin sem nú er verið að biðja borgarstjórn að staðfesta í trúnaði. Þeir hafa eðli málsins samkvæmt vegna trúnaðarins ekki getað upplýst aðra fulltrúa í borgarstjórn um það hvað er verið að biðja borgarstjórn að samþykkja. Og þetta skapar þann vanda að það er hér annars vegar verið að biðja fólk að samþykkja eitthvað sem það veit ekki hvað er. Þannig að mér sýnist á öllu að annað tveggja þurfi að gerast, annað hvort þarf að aflétta trúnaði af þessum upplýsingum eða loka fundi borgarstjórnar þannig að hægt sé að upplýsa alla borgarstjórn um þessar megin stærðir málsins fyrir luktum dyrum. En ég satt best að segja man ekki eftir neinu fordæmi þar sem að borgarstjórn er að staðfesta lán sem varðar meira en 5% af eigin fé Orkuveitunnar þar sem ekki hefur verið upplýst um kjörin á þeim. Og það er væntanlega vegna þess að kjör eru hluti af megin atriðum máls og varða eðli málsins samkvæmt almannahagsmuni. Og þessar leikreglur eru þannig úr garði gerðar að þetta kemur til kasta borgarstjórnar vegna þess að þetta eru það háar fjárhæðir að þær eru taldar varða verulega hagsmuni borgarstjórnar.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu og fjallað um fundarsköp. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það er dálítið erfitt þegar að menn koma inn með svona athugasemdir eins og inn á fundinum núna. Það hefði verið ágætt að menn hefðu getað komið þessu að, þetta er búið að liggja fyrir á dagskrá þessa fundar í langan tíma. Dagskrá fundar var kynnt á föstudag eins og mönnum er ljóst og þekkja. Ég hef hérna á milli umræðnanna reynt að fá upplýsingar um það hjá fjármálastjóra og svo framvegis, hvort að fyrir því sé hefð. Það eru taldir viðskiptalegir hagsmunir fyrirtækisins að vaxtakjörin séu ekki gefin upp nema í stjórn fyrirtækisins og það er alkunna. Og það núna þegar að Dagur B. Eggertsson segir; að fyrir því eru engin fordæmi, nú þá þarf að kanna það. Og ekki kannast menn við það hér að fyrir því séu engin fordæmi. En fyrir því eru sannarlega engin fordæmi, að stjórnarmenn sem að þekkja kjörin og sitja inni í stjórn fyrirtækisins og vita og segja sjálfir eins og Dagur B. Eggertsson.

Dagur B. Eggertsson oddviti Samfylkingarinnar kemur hér og segir; það má ekki upplýsa um kjörin – menn eru bundnir trúnaði. En sami oddvitinn óskar eftir að sú sem hér stendur brjóti þann trúnað og upplýsi það. Hvernig í ósköpunum eiga menn að skilja þetta. Borgarfulltrúinn viðurkennir sannarlega og segir; okkur er ekki heimilt að upplýsa þetta, en samt krefst hann þess að sú sem hér stendur upplýsi það. Þetta er eitthvað sem menn eru að ræða á vettvangi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt þeirri beiðni sem fram kemur hjá þeim – eru það viðskiptalegir hagsmunir fyrirtækisins að það sé ekki upplýst um þessi vaxtakjör. Fjármálastjóri borgarinnar hefur farið yfir lánið og telur það vera hagfelld og mælir með því að það sé staðfest og það eru þær upplýsingar sem við höfum. En ég get ekki sem borgarstjóri brotið umræddan trúnað sem ekki heldur aðrir fulltrúar hér treysta sér til þess að gera.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að svara andsvari.

Utan dagskrár um fundarsköp

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hér var ekki verið að biðja háttvirtan borgarstjóra að brjóta trúnað, heldur aflétta trúnaði. Það er um þrennt í stöðunni; borgarstjóri getur gert það. Hann getur aflétt trúnaði, eins og mörg fordæmi eru fyrir þegar um er að ræða vaxtakjör á lánnum sem að verið er að biðja Reykjavíkurborg að gangast í ábyrgð fyrir. Í öðru lagi getur borgarstjóri beitt sér fyrir því að loka fundinum, vegna þess að það bara einfaldlega gengur ekki og það hljóta allir sanngjarnir menn að sjá það, að það gengur ekki að biðja hér kjörna fulltrúa í borgarstjórn að samþykkja eitthvað sem þeir vita ekki hvað er. Í þriðja lagi að þá er auðvitað hægt að vísa málinu aftur til stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur en það getur verið vandkvæðum bundið að tefja málið, þannig að ég held að þetta hljóti að snúa að því annars vegar, hvort að eigi að aflétta þessum kjörum eða hvort að það eigi að loka fundinum til þess að hægt sé að upplýsa alla sem ætlast er til að taki afstöðu í atkvæðagreiðslunni um kjörin. Þetta hlýtur líka að gilda um fulltrúa meirihlutans. Því að varla hefur þeim verið kynnt þetta fyrst að á þessu er svona ríkur trúnaður öðrum en þeim sem voru viðstaddir annars vegar stjórnarfundinn og hins vegar fundinn í borgarráði.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að svara andsvari. Og vegna svona óska hans án þess að flutt hafi verið um það bein tillaga um að þetta mál sé rætt á lokuðum fundi borgarstjórnar, sem forseta hafði ekki verið kunnugt um slíka beiðni fyrir þennan fund, að þá er sjálfsagt að ígrunda það og forseti ákveður að gera hér 5 mínútna hlé á fundinum til þess að fara yfir þessar óskir borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar. Það er sem sagt gert 5 mínútna hlé á fundinum.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: [...] Því frekar en það var gert í borgarráði og menn hljóta að virða trúnað um það. Svo held ég að það sé einhver misskilningur í því hjá borgarfulltrúanum Degi B. Eggertssyni þegar að hann segir, þetta er náttúrulega eins og að deila um keisarans skegg, við erum ekki að biðja um að brjóta trúnaðinn við erum að biðja um að aflétta trúnaði. Auðvitað er mér ekki; hann segir að borgarstjóri getur bara aflétt trúnaði. Ég hef engar heimildir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson til þess að ákveða það hér ein og sér í krafti míns embættis að aflétta trúnaði á gögnum – ekki nokkrar heimildir til þess. Og ég veit ekki hvaðan ég ætti að sækja þær heimildir. Ég get ekki aflétt trúnaði af gögnum. Þannig að beiðnin frá borgarfulltrúum Samfylkingarinnar, aftur ítreka ég það, er með hreinum ólíkindum. Að óska eftir því að ég bara hérna ákveði það að aflétta trúnaði ein og sér – með því væri ég samkvæmt minni skilgreiningu að brjóta siðareglur sem ég undirritaði hér sjálf. Þannig að það gengur ekki.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Forseti ákvað að gera 5 mínútna stutt hlé og það hefst nú þegar.

Forseti: Ég vil biðja borgarfulltrúa um að gefa þögn á fundinum. Á þessum fundi þá hafa af tilefni þessa máls sem hér er til umfjöllunar, þá hefur verið vakin athygli á því að til þess að geta rætt þetta með þeim hætti sem að nokkrir borgarfulltrúar hafa óskað eftir að þá verður fundi lokað. Það er í raun og veru engin önnur leið til. Það er ekki verið að leggja til að málinu verði vísað til borgarráðs. Það er borgarstjórn sem að þarf að afgreiða þetta mál það er það stórt og í 26. gr. að þá er sum sé opnað fyrir þetta þannig að það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt.

En þótt að þessari grein hafi ekki verið beitt mjög oft, en sýnir náttúrulega í hnotskurn hversu góð fundarsköp við höfum þegar að svona deila kemur upp á fundinum. Forseti vill hins vegar segja það að honum hefði þótt heppilegra að athygli hans hefði verið beint að þessu með einhverjum fyrirvara hér fyrir fundinn, en ekki bara svona í ræðu hér á fundinum. Það hefði veri svona allavega finnst mér eðlilegra að gera það, en látum vera, borgarfulltrúar hafa rétt til þess að gera

það á þessum fundi. En svona til framtíðar að þá þegar að menn sjá slík álitamál fyrir sér þá er auðvitað mjög eðlilegt að þau séu rædd við forseta áður en að fundur hefist. En fundarsköpin okkar heimila þetta og það segir hér í 16. gr. – „borgarstjórn getur þá ákveðið að ræða einstök mál fyrir luktum dyrum til dæmis einkamál mann eða mál sem æskilegt er vegna hagsmuna borgarinnar að rædd séu fyrir luktum dyrum.“

Þessi setning á algjörlega við það mál sem að við erum nú að fjalla um og ég þarf ekki að orðlengja um það, þannig að ég ætla að leggja þá tillögu fyrir borgarstjórnina að þetta mál verði rætt fyrir luktum dyrum og þetta er í samræmi við 16. gr. sem hér hefur verið fjallað um og bera þessa tillögu forseta undir atkvæði. Þeir sem að samþykkja það gefi merki. Þeir sem að samþykkja þessa málsmeðferð gefi merki. Þeir sem að samþykkja það að ræða þetta tiltekna mál fyrri luktum dyrum, eins og 16. gr. fundarskapa gerir ráð fyrir gefi merki. Ef að það kemur fólki á óvart að þeir einstaklingar sem að bentu á þessa leið sem möguleika að þeir skuli ekki þá taka þátt í því að 16. gr. fundarskapa – hún gerir beinlínis ráð fyrir því að það sé hægt að taka þannig á málum þegar að slíkt mál kemur upp, en það er ekki okkar að ráðstafa atkvæði einstakra borgarfulltrúa eða forseta, en það kemur mér vissulega á óvart – ég verð að segja það. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskar eftir að taka til máls.

Utan dagskrár um fundarsköp

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Bara rétt til atkvæðaskýringar þá ef að menn vilja, að þá gerði ég mér sérstaka ferð hér í ræðustól til þess að undirstrika afstöðu Samfylkingarinnar. Að hér kom fram ósk í framsöguræðu Sigrúnar Elsu Smáradóttur borgarfulltrúa um að borgarstjóri aflétti trúnaði, þannig að öllum borgarfulltrúum væri ljóst hvað væri verið að leggja til og ég reifaði síðan hvaða leið væri úr stöðunni ef að það væri ekki hægt að aflétta þessum trúnaði, vegna þess að klemman sem að borgarstjórn er í er auðvitað að það verður að finna leið til þess að upplýsa alla viðstadda sem eiga að taka þátt í atkvæðagreiðslunni um hvað er verið að bera upp til atkvæða. Og þá væri það annars vegar leiðin að vísa því inn á einhvern vettvang þar sem væri lokaðir fundir eins og í borgarráði eða annars staðar eða að loka fundi borgarstjórnar. Með því var ég ekki að gera það að tillögu minni. Þvert á móti hafði verið talað fyrir því hér að aflétt væri trúnaði af þessu, þó svo að ég geti alveg skilið að það geti verið málefnaleg sjónarmið eða viðskiptahagsmunir fyrir því að hafa trúnað á þessu. En hér erum við í sal borgarstjórnar og þess vegna töldum við rétt að sitja hjá, vegna þess að okkar tillaga var að trúnaðinum væri aflétt.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Það er greinilega ekki sams konar skilningur á þessu máli og forseti mun því ekki flytja þessa tillögu. Og umræðu verður þá haldið áfram um þetta mál og til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon. Háttvirtur borgarstjóri hefur óskað eftir að taka til máls.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Bara til þess að það sé alveg á hreinu, vegna þess að það var óskað hér eftir því að það væri ekki virtur þessi trúnaður og borgarfulltrúar voru reyndar allir sammála um það að trúnaður skildi á þessum gögnum vera og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hélt því meira að segja fram hér úr ræðustóli að það væru engin dæmi um það að Orkuveitan hefði óskað eftir trúnaði um slíka hluti. Þannig að ég vildi upplýsa fundinn um það að ég hef aflað upplýsinga um þetta og þetta er auðvitað alrangt. Það hefur verið algjör hefð á því að í bréfum sem borist hafa borgarráði og borgarstjórn vegna lántaka Orkuveitunnar hefur ekki verið getið um kjörin á láninu. Þannig að það er ekkert nýtt í því, þetta er alvanalegt og þannig hefur þetta verið afgreitt hérna í borgarstjórn.

Þannig að það er alveg augljóst að ástæðan fyrir því að minnihlutinn núna bregst við svona með þessum hætti sem aldrei hefur hér áður gerst hér í þessum sölum snýst um ekkert annað en það að kasta rýrð á þetta fyrirtæki og það er svo sem ákveðin vegferð sem að menn eru bara í hér. En það er ekkert nýtt í því og hefur alveg verið þannig í gegnum tíðina og er fullkomin hefð fyrir því og aldrei verið gerð athugasemd við það einu sinni inni í stjórn, að það hefur verið trúnaður um lánakjör Orkuveitu Reykjavíkur eins og hjá mörgum öðrum fyrirtækjum, þannig að nú er því snúið upp á einhvern annan stað, en það verður svo að vera. Og ég vildi líka upplýsa um það að í þessu hléi sem var hér áðan bauðst öllum borgarfulltrúum að fá að sjá þessi kjör þannig að þeir gætu greitt atkvæði vitandi þá nákvæmlega hver kjörin eru, en við því var ekki orðið. Enda voru fulltrúar Vinstri grænna meira að segja á þeim stað að vilja ekki vita hvaða kjör væru til staðar, þannig að það var reynt allt hér til þess að verða við þessum beiðnum, en enginn vilji til þess að taka við því með þeim hætti.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir og borgarfulltrúi Dofri Hermannsson óskað eftir að veita andsvar. Og það er sem sé 1 mínúta á hvern aðila og fyrstur tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Utan dagskrár um fundarsköp

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil mótmæla því harðlega, ég vil mótmæla því mjög harðlega að Borgarstjórinn í Reykjavík misbeiti hér rétti sínum til ítrekaðra ræðuhalda til þess að halda því fram að við sem erum hér að standa vörð um það að allir kjörnir fulltrúar í borgarstjórn fái upplýsingar um þetta mál og geti rætt það hér, séum í einhverjum leik, hvað þá að kasta rýrð á þetta fyrirtæki sem að er vissulega í miklum erfiðleikum og það er verk og ábyrgð sem að borgarstjóri verður einfaldlega að líta sér nær varðandi. Ef það er einhver hópur fólks í þessu samfélagi og þessari borg sem hefur kastað rýrð á þetta fyrirtæki, þá er það borgarstjóri og borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins. Og það eru engin tíðindi. Það þarf ekki mikið að rifja upp frá þessu kjörtímabili, þess vegna finnst mér þetta í hæsta máta kjarkað að foringi hópsins sem ætlaði að selja stóran hluta af Orkuveitu Reykjavíkur með forkaupsrétti ákveðinna manna skuli vera að dylgja um það að við berum ekki hag félagsins fyrir brjósti.

Forseti: Ég vil biðja borgarfulltrúa að virða þann tímarétt sem þeim er skapaður við þessa umræðu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Og til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri og svarar andsvari.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég held nú að Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi ætti að líta sér nær. Ég man nú ekki betur en það hafi verið hann sem hafi staðið að þessum verkefnum sem að ákveðnir aðilar hér voru ekki sammála. Ég veit ekki hvað í ósköpunum maðurinn heldur að hann sé að tala um þegar um þegar hann talar um að sú sem hér stendur hafi verið að selja hlut í Orkuveitu Reykjavíkur. Ég held að maðurinn ætti að lesa sögubækurnar örlítið betur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson. Og síðan er það þannig að hér liggur þetta mál fyrir og reynið líka að halda því fram að við höfum ekki viljað upplýsa um þetta. Það var gert hér fundarhlé borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, þú fluttir hér tillögu um það að við mundum hugsanlega loka fundinum. Það var haldið hér fundarhlé til að upplýsa borgarfulltrúa um þessi kjör. Þið þáðuð það ekki. Þannig að ég held að borgarfulltrúinn ætti bara að fara rétt með og vanda sig í sínum málflutningi.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og veitir andsvar öðru sinni í 1 mínútu.

Utan dagskrár um fundarsköp

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hafi eitthvað verið óljóst í máli mínu þá verð ég nú bara að rifja það upp þegar að borgarstjórnar meirihlutinn hér sprakk þá voru það svokallaðir sexmenningar sem ætluðu að selja fyrirtæki sem heitir REI og samrunnasamningurinn sem þá átti að láta standa fól í sér forkaupsrétt þeirra sem að þá voru eigendur Geysis Green Energy og það var það sem að ég var að vísa til, þegar að ég sagði að borgarstjóri og borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins hafi ætlað að einkavæða hluta Orkuveitunnar. Ég hélt að þetta væri ekki óljóst í huga neins. Og síðan vildi ég í raun bara furða mig líka á því að borgarstjóri sjái ástæðu til þess að reyna að breyta sögunni sem var að gerast hérna fyrir augunum á okkur. Ég var að biðja um það og taldi það eðlilegast að aflétt væri trúnaði af þessu máli og það var forseti borgarstjórnar háttvirtur sem lagði það til að fundinum yrði lokað. Við ætlum að sitja hjá í því. Meirihlutinn féllst ekki á það, en ég held að það eigi ekki að eigna mér þá hugmynd.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það er nú stundum dálítið erfitt að rökræða við borgarfulltrúa Dag B. Eggertsson sem stundum fer dálítið í hring. Borgarfulltrúinn stóð hér upp og óskaði eftir að taka til máls um fundarsköp og benti borgarstjórn háttvirtri á það að það væru ákvæði í fundarsköpum sem gæfu borgarstjórn heimild til þess að loka fundi. Það var ein tillaga borgarfulltrúans. Það var ein tillaga borgarfulltrúans – hann lagði hana ekki formlega fram, hárrétt, en hann benti á það að það væri ein leið. Síðan sagði borgarfulltrúinn, Dofri Hermannsson borgarfulltrúi ég er með orðið. Síðan nefndi borgarfulltrúinn það líka Dagur B. Eggertsson að það væri alveg ljóst í hans huga að það ríkti trúnaður um þessar upplýsingar, þannig að hann áttaði sig á því að það væri ekki hægt að upplýsa um það. Borgarfulltrúinn sagði sjálfur að það væri ekki hægt að upplýsa um það, en samt ennþá heldur hann áfram að óska eftir hverju. Borgarfulltrúinn verður að átta sig á því hvað hann er að biðja um. Hann er búinn að segja það borgarfulltrúinn að það má ekki upplýsa um þetta, okkur er það ekki heimilt, við erum búin að bjóðast til að upplýsa [óskýrt] hér. Borgarfulltrúinn verður að fara fram með skýra beiðni.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir því að gera afar stutta athugasemd.

Utan dagskrár um fundarsköp

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hvað er ég að biðja um? Ég er að biðja um skilyrði til þess að borgarstjórn geti rætt þetta mál af sæmilegri skynsemi [frammíkal H BK: og hvernig] út frá þeim kjörum sem hér er verið að leggja til að samþykkt séu. Út frá því láni sem að stjórn Orkuveitunnar er að leggja til að eigendur þess – ekki bara við, heldur Akranes og Borgarbyggð staðfesti. Og hvað þarf til að borgarstjórn taki upplýsta ákvörðun um það. Það þarf fullar upplýsingar um þessi kjör, samanburð á þeim kjörum sem að borginni, sem að gæti hugsanlega tekið lán sjálf og lánað Orkuveitu Reykjavíkur, hugsanlega á betri kjörum bjóðast og samanburð á til dæmis skuldabréfi út af Magma Energy sem hlýtur að vera valkostur að selja miðað við það að taka þetta lán. En það veltur auðvitað á því að hér sér hægt að hafa vitiborna umræðu um þessi kjör og það er alveg rétt að það vilja allir virða trúnað, en trúnaði má aflétta og það er það sem þessi umræða hefur snúist um til þess að hægt sé að hafa vit í þessari umræðu.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Og þá gerir borgarstjóri stutta athugasemd.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Aftur er erfitt að skilja borgarfulltrúa vegna þess að það var tvennt í stöðunni. Það er algjörlega tvennt í stöðunni. Borgarfulltrúinn vill að menn taki hér upplýsta ákvörðun og séu upplýstir um hvaða kjör eru hér í boði. Þá er tvennt í stöðunni, það er annars vegar að loka fundinum. Borgarfulltrúi vill ekki greiða því atkvæði – vill ekki einu sinni flytja tillögu um það. Hins vegar er að upplýsa alla borgarfulltrúa um kjörin og það er búið að bjóðast til þess. Borgarfulltrúinn vill ekki heldur þiggja það. En segir síðan að hann skilja líka að það sé trúnaður um þetta og megi ekki upplýsa það. Ég skil ekki ennþá hvað borgarfulltrúinn vill að borgarstjórn geri.

Við gerðum hér fundarhlé til þess að upplýsa alla borgarstjórn um þessi kjör. Minnihlutinn vildi það ekki, sumir vildu einu sinni ekki fá að sjá það. Síðan var lögð fram tillaga forseta um að hafa fundinn lokaðan til þess að geta aftur orðið við beiðninni, þá á ekki einu sinni að greiða atkvæði og ekki einu sinni að vilja flytja tillöguna. Og síðan segir borgarfulltrúinn, sem núna ypptir öxlum, að það megi heldur ekki léttu trúnaði. Þannig að það er ekki nokkur leið að skilja hvað borgarfulltrúinn er að biðja um.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Og þá veitir borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir andsvar.

Utan dagskrár um fundarsköp

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla byrja á að frábiðja mér ávirðingar um að ég hafi það að markmiði mínu eða einhverjir hér inni að kasta rýrð á Orkuveitu Reykjavíkur. Það er fátt sem er mér fjær en að varpa rýrð á Orkuveitu Reykjavíkur. Það er aftur á móti þannig að það er ástæða fyrir því að fundir borgarstjórnar eru opnir. Þeir eru opnir vegna þess að borgarbúar eiga að geta fylgst með því sem að hér fer fram. Það er hagur borgarbúa sem að hér um ræðir. Það er hagsmunamál fyrir alla borgarbúa sem að eiga stærstan, langstærstan hluta í Orkuveitu Reykjavíkur að þeir viti um hvað það er sem að við erum að ræða hér. Við höfum fylgt þeirri hefð að ef að það ríkir trúnaður, ef að fulltrúar meirihlutans telja mikilvægt að það ríki trúnaður um einhver þau kjör sem um er rætt hverju sinni og varðar sannanlega almannahagsmuni, þá víkjum við af fundi á meðan og tökum ekki þátt í þeirri umræðu. Þá leið munum við fara núna ef að til þess kemur að kjörin verði rædd hér. Á móti kemur að ég get eiginlega ekki séð að hægt sé að ræða þessi mál öðru vísi en að ræða um kjörin sem ég get ekki séð að við eigum nokkurt erindi í þá umræðu sem að hér kemur til með að fara fram.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Og þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ástæðan fyrir því að ég sagði að minnihlutinn væri hér í ákveðnum leik gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur er einföld. Fyrir því er löng saga að við öll sem sitjum hér höfum ítrekað staðfest lán fyrir Orkuveitu Reykjavíkur án þess að Orkuveita Reykjavíkur hafi gert grein fyrir kjörunum. Það er ekkert nýtt, það er gömul saga. Og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir þú hefur setið í þessum sal þegar að það hefur verið gert og ég líka og við öll sem að hér erum. Til margra, margra ára hefur það verið þannig. Þannig að nú gera menn eitthvað allt annað og það er það sem vekur upp spurningar. Svo getur vel verið að menn hafi bara núna ákveðið – prinsippið er núna orðið það að gera það ekki. Þá er það ný afstaða. En Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi hélt því jafnvel fram hér áðan að þetta væri í fyrsta skipti sem að slíkt væri gert. Mínar upplýsingar segja að það sé rangt. Þannig að það hefur ekki verið þannig að menn hafi rætt um lánakjör Orkuveitu Reykjavíkur á þessum vettvangi nema þá í þeim búningi að segja; þetta eru ekki nægilega góð eða þetta gætu verið betri lánakjör, að menn hafi ekki greint frá kjörunum.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir öðru sinni.

Utan dagskrár um fundarsköp

Sóley Tómasdóttir: Forseti, borgarstjórn. Ég ítreka það að það er ekki okkar markmið að varpa rýrð á Orkuveitu Reykjavíkur. Ástæðan fyrir því að við töluðum um þetta hér er sú, að það hefur skýrt verið tekið fram að um þessar upplýsingar ríki trúnaður. Það var ekki tekið fram á fundi í stjórn Orkuveitunnar á sínum tíma þar sem að þetta lán var rætt enda var okkar fulltrúi í stjórninni sat hann inni og hélt að þetta væru upplýsingar sem að hann mætti ræða almennt. Það er greinilegt að það hefur ekki verið jafnmikil áhersla lögð á það að um kjörin ríki trúnaður eins og núna. Núna hefur okkur verið kyrfilega gerð grein fyrir því að um þetta ríki trúnaður og við ætlum ekki að taka þátt í því.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að veita andsvar öðru sinni. Og þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

Utan dagskrár um fundarsköp

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Það eru þá nýjar ákvarðanir af hálfu borgarfulltrúa Vinstri grænna. Vegna þess að borgarfulltrúi Vinstri grænna hefur setið inni í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur til margra ára og þar hefur það verið þannig að trúnaður hefur ríkt um þessar upplýsingar. Og ég veit ekki til þess, ég hef aldrei setið í stjórninni, ég veit ekki til þess að borgarfulltrúar eða að fulltrúar Vinstri grænna hafi gert athugasemdir við það. Enda hafa þeir tekið þátt sjálfsagt í lánveitingum til fyrirtækisins eða samþykkt þeirra til langra tíma, líka inni í borgarráði. Þetta var upplýst þar á síðasta fundi borgarráðs. Þannig að þetta eru þá bara einhverjar nýjar reglur og ég veit ekki alveg hvernig – ég átta mig ekki alveg á því hvernig fulltrúi ætlar að sitja í stjórn fyrirtækisins en ekki geta tekið við upplýsingum um þetta. Því að þetta er bara hluti af því umhverfi sem fyrirtækið er í og það er ekkert nýtt að um það sé trúnaður.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari öðru sinni. Og þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir því að gera stuttar athugasemdir og forseti felst á það.

Utan dagskrár um fundarsköp

Sóley Tómasdóttir: Kæra borgarstjórn. Það er ekkert nýtt við það að fulltrúar Vinstri grænna neiti að taka við upplýsingum sem um ríkir trúnaður. Það hafa fulltrúar Vinstri grænna gert, bæði í Orkuveitu Reykjavíkur og öðrum stjórnnum þegar svo hefur borið undir. Hæstvirtur borgarstjóri sem ekki hefur setið í stjórn Orkuveitunnar veit kannski ekkert um það, en þannig hefur það verið og þannig mun það verða áfram.

Forseti: Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Og þá hefur borgarfulltrúi Dofri Hermannsson óskað eftir því að veita andsvar. Til máls tekur borgarfulltrúi Dofri Hermannsson og hefur 1 mínútu.

Utan dagskrár um fundarsköp

Dofri Hermannsson: Já, þakka þér fyrir forseti. Hér kemur borgarstjóri svo ótt upp á milli andsvara að maður er næstum farinn að gleyma því hvað maður ætlaði að segja, en ég man það þó. Mér fannst það dálítið einkennilegt að hér erum við að fara að taka ákvörðun um vaxtakjör og lán upp á 5 milljarða og borgarstjóri telur það nægilegan tíma fyrir mig sem er varaborgarfulltrúi og kem hérna til að leysa af aðalborgarfulltrúa, að ég fái bara örstutt hlé til þess að kynna mér það. Vaxtakjör sem að greinilega þola ekki alveg dagsins ljós upp á 5 milljarða lán og ég á bara að kynna mér það hérna einhvers staðar á bak við hurð. Mér finnst þetta í hæsta lagi óeðlilegt og reyndar finnst mér margt óeðlilegt í þessari umræðu. Mér finnst til dæmis óeðlilegt í þessari umræðu að það skuli ekki vera hægt að halda til haga því hverjir bera fram tillögur hérna. Borgarstjóri virðist ítrekað taka feil á því hverjir það eru sem bera fram tillögur. En ég óska bara eftir því að hér sé góð umræða um málin og til þess að umræðan sé góð, þá verður hún að vera upplýst, en ég er algjörlega óupplýstur um þetta mál. Og mundi gjarnan vilja fá góða umræðu um lánakjörin og hvaða þýðingu þau hafa fyrir fyrirtækið og borgina.

Forseti: Borgarfulltrúi Dofri Hermannsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá hefur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon óskað eftir að veita andsvar.

Útan dagskrár um fundarsköp

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það fer um mann kjánahrollur að hlusta á þessa umræðu. Maður er kominn hér aftur á sama stað og maður var 15. janúar 2003 hér í borgarstjórn, þegar flestir borgarfulltrúar tóku ákvörðun um að virkja skyldi við Kárahnjúka með óumræðilega alvarlegum afleiðingum fyrir umhverfi þessa lands og efnahag með bundið fyrir bæði augu og helst hendur og fætur líka. Ég fullyrði það að enginn borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins á þeim tíma hafði næga þekkingu til að taka ákvörðun í því viðamikla máli sem umhverfisáhrif og efnahagsáhrif Kárahnjúkavirkjunar voru. Ég gerkynnti mér þetta mál og það er að minni kröfu sem borgarráð var upplýst af fulltrúum Landsvirkjunar um verð og framkvæmdina og yfirhöfuð um þetta stórkostlega mál, þetta hryllilega mál, sem borgarfulltrúar höfðu engan áhuga á að kynna sér árið 2003. Maður er aftur kominn á þann reit, það fer kjánahrollur um mann að hlusta á þessa umræðu, alla þess leynd, alla þessa græðgi, alla þessa spillingu og alla þessa drauma um einkavinavæðingu í orkugeiranum þeirra Sjálfstæðismanna. Og ég mótmæli því að hérna sé verið að reyna að fela staðreyndir. Almannahagsmunir krefjast þess að það sé talað opið um kjör og verð í orkumálum. Það eru almannahagsmunir.

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið við að veita andsvar. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Guðlaugur Sverrisson.